

## 143. fundur skólanefndar ME,

haldinn 29. janúar 2019 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans

**Mættir skólanefndarmenn:** Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Halldór B. Warén. Sigrún Birna Björnsdóttir boðaði forföll.

**Mættir áheyrnarfulltrúar:** Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Björgvin Ægir Elísson f.h. nemenda.

**Jafnframt sátu fundinn:** Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Samþykkt fundargerðar 142. fundar.
2. Gangurinn í starfinu
3. Fardagar á spannaskilum
4. Tæknismiðjuhugmyndir í ME
5. Fjárhagsmál
6. Önnur mál

*Skúli Björn setur fund kl. 17:05. Gengið er til dagskrár.*

#### 1. Staðfesting fundargerðar nr. 142

Fundargerð 142 staðfest með undirritun á fundinum en hún hafði verið send út til samþykktar eftir síðasta fund.

Bent var á að skólanefndarmenn sem misst hefðu af fundi gætu skrifað undir fundargerðir eftir á.

#### 2. Gangurinn í starfinu

Árni segir frá ganginum í skólastarfinu.

Auglýst var eftir fjarnámsstjóra fyrir jól og bárust 16 umsóknir, flestar mjög frambærilegar. Þrír aðilar voru teknir í viðtal og var Jóney Jónsdóttir að endingu ráðin. Hún hefur störf um mánaðamótin febrúar/mars.

Það hillir undir að nemendur fari að æfa leikrit vorannar. Ísgerður Elfa hefur verið ráðinn leikstjóri og er að vinna í handriti verksins. Um er að ræða söngleik sem byggir á lögum Michael Jackson. Frumsýnt verður 8. mars.

Stefnt er að því að halda Barkann þann 22. mars.

Háskóladagurinn í ME verður 12. mars og kynningardagur ME á Skólahreystidegi verður 10. apríl.

Í kennarakönnun vor '18 og nemendakönnunnun haust '18 var spurt um þau gildi sem þóttu mikilvægust varðandi skólabrag ME. Svo skemmtilega vildi til að nemendur og kennrarar völdu sömu gildin í þrjú efstu sætin: gleði, virðingu og jafnrétti. Í janúar hefur verið unnið með þessi gildi á kennarafundi og einskonar „þingi“ með nemendum. Verið er að vinna afurð úr þessu starfi sem vonandi verður gagnleg fyrir skólann.

Jafnréttisvika stendur yfir 28. janúar til 1. mars. Ýmsir viðburðir eru í gangi í sambandi við hana, m.a. er búið að hengja afrakstur af þingi nemenda varðandi jafnrétti á veggi skólans.

Dagur Skírnir og Ólöf Björk fara til Ítalíu á vegum Erasmus samstarfs 1.-8. febrúar. Samstarfið nær til fjögurra þjóða auk Íslands, þ.e. Finnlands, Hollands, Ítalíu og Spánar. ME verður í hlutverki gestgjafa 6.-10. maí næstkomandi. Ítalirnir sjá um að móta verkefnið en ME sér um fjármálin. Góður styrkur fékkst í verkefnið en Margaret Johnson útbjó umsókn.

173 nemendur eru skráðir í dagskóla á vorönn en 283 í fjarnám. Fjarnámið hefur bjargað stöðugildum kennara í veturna þrátta fyrir litla dagskólahópa. Reikna má með tölubarðum innskráningum í fjarnám á spannaskilum.

Til stendur að endurnýja innréttingu á kaffistofu og breyta hönnun. Það verður líklega gert í kringum páskana.

Árni Óla fór á Bett ráðstefnu í London í síðustu viku þar sem hann skoðaði ýmsar nýjungar í skólastarfi.

Nemendafélagið er að ráðgera skíðaferð til Akureyrar í febrúar.

### 3. Fardagar á spannaskilum

Vinna við undirbúning fardaga á spannaskilum er að fara af stað. Myndaður verður hópur um undirbúninginn. Reikna má með að framkvæmd verði með hefðbundnu sniði auk þess sem bryddað verði uppá einhverjum nýjungum.

Samstarf verður innan Fjarmenntaskólans líkt og verið hefur undanfarin ár.

Halldór viðrar hugmynd um dansnámskeið enda ungt fólk að tapa niður danskunnáttu.

### 4. Tæknismiðjuhugmyndir í ME

Send var styrkumsókn til Uppbyggingarsjóðs Austurlands en enginn styrkur fékkst. Gott orð hefur fengist frá Ríkiseignum um breytingar á húsnæði vegna smiðjunnar. Skólinn þarf hins vegar að sjá um tækjakaupin. Hugsanlega verður sótt um styrk til Alcoa auk þess sem hægt er að sækja í Skólasjóð ME. Ýmsar hugmyndir eru komnar af stað varðandi námskeið í smiðjunni næsta haust og verður vorið notað til frekari stefnumörkunar.

Kostnaðaráætlun við tækjakaup hljóðar upp á um 4,7 milljónir.

Árni varpar upp hugkorti yfir þau tæki sem smiðjan þarf að búa yfir, aðgreint eftir deildum. Einnig sýnir það þau rými skólans sem hugsuð eru fyrir smiðjuna í vistarhúsi. Green screen var keypt inn í haust en hefur ekki verið tekið í notkun.

Stefán Bogi sprýr hvort samstarf hafi verið við Slátturhúsið, s.s. varðandi hljóðvinnslu. Árni sér ekkert því til fyrirstöðu að stofna til slíks samstarfs. Halldór nefnir nauðsyn þess að tiltekinn aðili sé ábyrgur fyrir þessum smiðjum til að passa upp á umgengni.

Fundarmenn ræða um hugsanlega færslu á bókasafni skólans og tengibyggingu milli vistar- og skólahúss.

Stefán Bogi bendir á hið jákvæða í því að skólinn skuli vera að huga að nýjungum í skólastarfinu og aðrir nefndarmenn taka undir það.

Skólanefnd leggur til að sótt verði um fjárstuðning til Skólasjóðs fyrir smiðjunni.

## 5. Fjárhagsmál

Endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2017 kom að mestu leyti vel út en nokkrar smávægilegar athugasemdir voru gerðar. Skólinn fékk minnisblað til að vinna eftir við að bæta verklag, m.a. varðandi greiðsluferli.

Árni varpar upp rekstraryfirliti 2018 og samanburði við fyrra ár. Um 18,3 milljónir voru í afgang árið 2017. Miðað við bráðabirgðarársreikning fyrir 2018 má gera ráð fyrir um 8,8 milljónum í afgang. Fyrir vikið er skólinn ágætlega í stakk búinn til að takast á við rekstrarhalla árið 2019 ef svo ber við samfara fækkun dagskólanema.

Líta má á ársreikningana sem varnarsigur miðað við nemendafjölda, en þar skiptir fjarnámið miklu máli. Árni lýsir nýju fyrirkomulagi við greiðslur vegna fjarnáms en skólinn fær aðeins greidd 70% nemendaígilda fyrir nemendur með heimaskóla í öðrum skólum.

## 6. Önnur mál.

### a) Fundargerðir kennarafunda.

Allar fundargerðir haustannar 2018 hafa verið settar inn á samdrif skólanefndar. Hér eftir verða þær settar inn sem fundargögn fyrir skólanefndarfundi og hægt að ræða þær á nefndarfundum ef svo ber undir. Hugsað til þess að nefndarmenn geti sett sig betur inn í skólastarfið.

### b) Mötuneytismál.

Hallarekstur er á mötuneyti vegna nemendafæðar. Segja má að þjáningarmörkin séu við 70 nemendur. Tæplega 60 manns eru í föstu fæði um þessar mundir. Almennt er gert ráð fyrir að mötuneytið beri sig sjálf en vegna aðstæðna hefur skólinn komið til aðstoðar við að greiða forstöðumanni laun.

### c) Mætingamál.

Mætingar eru með svipuðu móti og verið hefur þrátt fyrir breytingar á mætingareglum fyrir ári síðan. 36 nemendur voru undir mætingamörkum eftir þrjár vikur af kennslu sem er svipað hlutfall og verið hefur undanfarin misseri. Fyrsta fjarvistatímabili lýkur 1. mars.

Skúli Björn slítur kl. 18:00.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 19. mars 2019.

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.

Skólanefnd  
Anne Björn Sigbjörnsson  
Halldei R. W.

